



EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

VERKNR:

SA118

DAGS: 12.04.2017

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnesi kl. 08:00 – 11:00.

Mætt voru: Einar Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Erika Witt, Gunnar Örn Marteinnsson, Kristófer Tómasson, Pétur Ingi Haraldsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI

Árnes:

Íbúðarbyggð

Þéttbýlið verður stækkað til austurs, austur fyrir skógræktarsvæðið. Svæðið ofan Gnúpverjavegar verður íbúðarsvæði og núverandi íbúðarsvæði verður stækkað. Austast í þéttbýlinu verður gert er ráð fyrir rúmum lóðum, sem verða hugsanlega skilgreindar á landbúnaðarsvæði.

Verslunar- og þjónustusvæði

Austast í þéttbýlinu, næst Þjórsárdalsvegi verður VP svæði. Í Tröð verður einnig VP svæði norðan aðkomuvegar. Núverandi VP svæði verða stækkuð, svæði umhverfis verslun verður beggja vegna innkeyrslu í þéttbýlið og svæði við Kálfá, við gistiheimilið, nær utan um sundlaug og norður með ánni.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Tjaldsvæði er innan þéttbýlisins, ekki gert ráð fyrir breytingum á því.

Opið svæði

Skógræktarsvæðið og Reykjanesið eru opin svæði og hugsuð til útivistar.

Samgöngur

Lokað verður fyrir innkeyrslu í þéttbýlið austan til, inn á Skólabrautina en ný aðkoma að Traðarlandi og stækkuðu þéttbýlissvæði verður þar til austurs. Gert verður ráð fyrir góðum göngutengingum á milli þéttbýlis í Árnesi og frístundasvæðis á Flötum og að göngutigur liggji um skógræktarsvæðið.

Brautarholt:

Íbúðarbyggð

Íbúðarsvæði verður þar sem tjaldsvæðið er í gildandi skipulagi. Rædd var hugmynd um að færa þéttbýlismörkin norður og Hestakráin yrði innan þess.

Verslunar- og þjónustusvæði

Óbreytt

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Tjaldsvæði verður syðst í þéttbýlinu, sunnan við núverandi ípróttavöll.

Opið svæði

Verður sunnan við tjaldsvæðið, að þéttbýlismörkum.

Samgöngur

Aðkoma að þéttbýlinu verður óbreytt. Skeiða- og Hrunamannavegur færir suður fyrir þéttbýlið og núverandi stofnvegur verður áfram nýttur fyrir þéttbýlið og byggðina í kring. Beggja vegna þéttbýlisins verður tenging yfir á Skeiða- og Hrunamannaveg.

Gert er ráð fyrir að stækkuð íbúðarbyggð í þéttbýlunum nægi út skipulagstímabilið.

Áhrif breyttrar stefnu í þéttbýlum verða metin í umhverfisskýrslu.

2 STEFNUMÖRKUN Á HÁLENDI

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í þessum flokki eru fjallaskálar og gert er ráð fyrir viðhaldi þeirra og eftir atvikum endurbyggingu.

Samgöngur

Kristófer sendir kort af flokkun vega á hálendi og á framhaldi verða vegir flokkaðir í greinargerð og á uppdrætti. Verður rætt á næsta fundi.

Hverfisvernd

Sett verður hverfisvernd meðfram Þjórsá og á fyrirhugaða stækkun friðlands í Þjórsárverum. Ef vinna við friðlýsingu Kerlingarfjalla verður ekki lokið undir lok endurskoðunar skipulagsins þá verður fyrirhuguð stækkun merkt inn sem hverfisverndarsvæði. Hverfisverndarsvæði í gildandi skipulagi verður látin halda sér en það er í Fossárdrögum og Dalsárdrögum. Þá er sett inn hverfisvernd við Laxárgljúfur.

3 ÖNNUR MÁL

Gaukshöfði, ræða þarf við landeiganda um svæðið og hvort merkja eigi það sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Frístundasvæði F3 verður tekið út.

Rætt var um námur, allar námur í gildandi skipulagi verða látnar halda sér. Nokkrar námur eru á skrá hjá Vegagerðinni sem ekki eru á skipulagi og verða nokkrar þeirra settar inn. Náma í Reykholti, við sundlauginu, verður tekin út.

4 NÆSTI FUNDUR

Stefnt er að næsta fundi stýrihóps þann 11 maí kl. 08:00 – 11:00.

Tekið saman á Hellu 12. apríl 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason